

Úr nefndarálitni efnahags- og viðskiptanefndar 3. desember 2015 um frv. til laga um forsendur fjárlaga

Virðisaukaskattur vegna fólksflutninga.

Almenningssamgöngur.

Hinn 1. janúar 2016 munu fólksflutningar verða virðisaukaskattsskyldir en frá og með þeim degi mun virðisaukaskattur m.a. leggjast á aðkeypta akstursþjónustu. Umsagnaraðilar lýstu áhyggjum af því að sveitarfélög og stofnanir þeirra sem annast rekstur almenningssamgangna, skipulagðrar ferðaþjónustu fatlaðs fólks, skiplagðrar ferðaþjónustu aldraðra og akstur skólabarna verði fyrir kostnaðarauka vegna breytinganna.

Í minnisblaði sem nefndinni barst frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dags. 13. nóvember 2015, kemur m.a. fram að í rauninni mun gildistaka c-liðar 1. gr. laga nr. 124/2014 ekki fela í sér kerfisbreytingu í tilviki rekstraraðila almenningssamgangna, þeir séu undanþegnir virðisaukaskatti samkvæmt lögum og verði það áfram. Sú undanþága helgast af því að almenningssamgöngur o.fl. eru almennt ekki reknar í hagnaðarskyni heldur greiða opinberir aðilar að jafnaði með þeim. Af því leiðir að virðisauki verður ekki til í starfseminni og andlag virðisaukaskatts því vart til staðar. Annað á hins vegar við um þá sem selja rekstraraðilum almenningssamgangna fólksflutningaþjónustu en gera verður ráð fyrir því að rekstur slíkra aðila sé stundaður í hagnaðarskyni og verðmætaaukning verði í starfsemi þeirra.

Að mati meiri hlutans er líklegt að þær breytingar sem verða við gildistöku ákvæða c-liðar 1. gr. laga nr. 124/2014 muni hafa kostnaðarauka í för með sér fyrir rekstraraðila almenningssamgangna o.fl. Hver áhrifin verða að endingu er þó óljóst enda verður rekstraraðilum fólksflutningaþjónustu á sama tíma heimilt að færa innskatt á móti útskatti við uppgjör virðisaukaskatts.

Þessi staða er óvanaleg, starfsemi sem ekki er virðisaukaskattsskyld, fólksflutningar, verður almennt virðisaukaskattsskyld eftir áramót. Sá hluti starfseminnar sem felst í almenningssamgöngum o.fl. verður hins vegar áfram undanþeginn virðisaukaskatti.

Til að koma til móts við sveitarfélög og stofnanir þeirra leggur meiri hlutinn til að nýju ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, þar sem kveðið verði á um að endurgreiða skuli sveitarfélögum og stofnunum þeirra helming virðisaukaskatts sem þau munu greiða vegna kaupa á fólksflutningaþjónustu á árunum 2016 og 2017 vegna almenningssamgangna, ferðaþjónustu fatlaðs fólks, skiplagðrar ferðaþjónustu aldraðra og skipulagðs flutnings skólabarna. Með „sveitarfélögum og stofnunum þeirra“ er átt við þá rekstraraðila sem annast akstur sem verður undanþeginn virðisaukaskatti samkvæmt ákvæði c-liðar 1. mgr. laga nr. 124/2014, þ.e. sveitarfélög, byggðasamlög og landshlutasamtök.

Gildistími ákvæðisins verður tímabundinn til tveggja ára. Með þessari breytingu ættu rekstraraðilar fólksflutningaþjónustu, sem selja sveitarfélögum og stofnunum þeirra slíka þjónustu, ekki að verða fyrir óæskilegum áhrifum við gildistöku ákvæða laga nr. 124/2014 um næstu áramót. Þá skapast svigrúm til að ljúka vinnu við endurskoðun virðisaukaskattskerfisins. Markmið tillögu meiri hlutans er að staða sveitarfélaga raskist ekki við það að fólksflutningar verða virðisaukaskattsskyldir um næstu áramót.

Nefndinni hafa hins vegar borist ábendingar þess efnis að hugsanlega muni endurgreiðsla helmings virðisaukaskatts ekki nægja til að milda áhrifin enda hafi sveitarfélögin í mörgum tilvikum samið um kaup á fólksflutningaþjónustu til lengri tíma og erfitt kunnir að reynast að endursemja um verð fyrir þjónustuna. Meiri hlutinn leggur áherslu á að ætlunin er að á tveggja ára gildistíma bráðabirgðaákvæðisins muni ráðuneytið meta reynsluna af endurgreiðslunum og

áhrifum þeirra á fjárhag ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal með tilliti til þess hvort þær hafi reynst nægjanlegar.